

1951

MÁLAFÆN

4823

VATNAMÆLINGAR

23. SKI/103-11

- apríl -

Hitamælingar í Mývatni.

Hér með fylgir línurit yfir hitamælingar í Mývatni.

Mælingarnar 26. jan. 1950 gerði Jóhannes Sigfinnsson, Grimsstöðum, með mér, en mælingar 17. febr. og 27. marz, 1951 annaðist Jóhannes einn. Mælt var á fleiri stöðum heldur en línuritið ber vitni um.

Í bréfi frá Jóh. Sigfinnssyni dags. 28. apríl s.l. segir svo:

"Árangur mælinganna er eftirtektarverður. Nú er vatnið til muna hlýrra en í fyrravetur og veldur því mikill snjór sem liggur á ísnum og ef til vill óvenju litlar eyður. Mest er þetta áberandi á Alunum og Ytriflóa. Álarnir voru líka sérstakir með það, að þar voru ekki minni eyður en venjulega. Aukinn hiti í vatninu sýndi líka áhrif, auk þess að halda Alunum meira auðum en búast mátti við. Í vetur voru minni stíflur í Laxá en búast mátti við, því tíðarfarið var þannig með grimmum stórhriðum og frosti að margsinnis í hverjum mánuði mátti búast við stíflum í ánni, án þess þó að þær kæmu, og er það að öllum líkindum því að þakka að vatnið var hlýrra en venjulega og sýnir það hvað litlu þarf að muna til að allt sé í lagi".

Vélar orkuversins við Laxá munu ekki hafa stöðvast í vetur af völdum krapastíflna upp við Mývatn. Í desember-mánuði mundaðist rennslið að nokkru úr Mývatni, þ.e.a.s. úr Breiðunni af og til eða samtals í átta daga.

Í fyrrihluta janúar þrengdi lítillega að kvíslunum dag og dag á efstu brotunum neðan við Breiðuna og eftir því sem leið á veturinn urðu hindranirnar æ óverulegri. Þótt stórhriðar gengu með frosthörku dag eftir dag lokaðist ekki fullkomlega fyrir rennslið um kvíslarnar, sem átu jafnharðan af sér. Við Laxárstöðina komst vatnið, þegar það var minnst undir 15 m³/sek. Sjá nánar um þetta í skilagrein nr. 18 og nr. 5 á bls. 12.

Það mun hafa nokkur áhrif á hitastig Mývatns til hækunar að nú í vetur var allt úrkomusvæði vatnsins hulið þykkri snjóbreyðu og jörð víða alþýð undir. En veturinn '49-50 var fremur snjóléttur með hlakublotum í des. og janúarmánuði, svo að 0°C heitt leysingavatn hefur sigið niður í hraunin og kælt jarðvatnið, sem fellur til Mývatns.

Því má ætla: Kaldur snjóavetur gefur heitt Mývatn.

17.5.1951

Sigurjón Rist